

Nd.

134. Tillaga

til þingsályktunnar um breyting á reglugerð ræktunarsjóðs Íslands.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Árni Jónsson, Jón Kjartansson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ráðherra að breyta reglugerð ræktunarsjóðsins þannig, að lán til rafmagnsstöðva í sveitum megi veita til 20 ára og alt að $\frac{3}{5}$ virðingarverðs stöðvanna, og ennfremur, að ofangreind lánskjör megi taka til þeirra rafmagnsstöðvalána, sem þegar eru veitt.

Greinargerð.

Ræktunarsjóðurinn er hin eina lánsstofnun, er telur sjer skylt að lána til rafmagnsstöðva á sveitabýlun, en lánskjör þau, er sett hafa verið í reglugerð sjóðsins, eru nokkuð þröng hvað lánstíma og lánsupphæð snertir. Tillaga þessi, ef samþykkt verður, ræðnr nokkra bót á því.